

# KERFI SEM BJARGA LÍFUM MEGINSKILABOÐ

Íhlutun stjórnvalda er nauðsynleg - með stefnumótun, opinberum herferðum, skyldubundinni endurlífgunarþjálfun og samræmingu hagsmunaaðila

Einföld, fjögurra hlekkja lífsbjargarkeðja er áhrifaríkt tæki til að auðvelda öllum sem tengjast endurlífgun að skilja lífsbjargandi kerfi

Samfélagsmiðlar og stafræn verkfæri geta stutt fræðslu um endurlífgun og virkjað samfélög

Viðbragðskerfi við endurlífgun þarf að aðlaga að hverjum stað, út frá staðbundnum gögnum og endurspegla tiltæk úrræði

Sjúkrahús verða að styðja viðveru fjölskyldu meðan á endurlífgun stendur og koma á tilvísunarleiðum í sérhæfða endurhæfingu og eftirlit; vinna með samtökum þolenda og veita endurhæfingarþjónustu eftir útskrift til að bæta lífsgæði

Þátttaka samfélagsins er mikilvæg, þar á meðal endurlífgunarþjálfun í tengslum við opinbera viðburði og þátttaka í alþjóðlegum herferðum eins og World Restart A Heart (WRAH)

Viðbragðskerfi ættu að vera samþætt við neyðarlínu. Setja aðgengi að sjálfvirkum hjartastuðtækum í forgang, sem og öryggi viðbragðsaðila og sálfræðilegan stuðning

Endurlífgunarkennsla ætti að vera skylda innan skólakerfisins, stigvaxandi frá fjögurra ára aldri, studd af löggjöf og nauðsynlegum hjálpargögnum

Skjót greining viðbragðsaðila á hjartastoppi og leiðbeiningar um notkun sjálfvirkra hjartastuðtækja á opinberum stöðum eru nauðsynlegar svo hægt sé að veita tafarlausa meðferð

Leiðbeiningar og endurlífgunarkerfi þarf að aðlaga að staðsetningu og tiltækum úrræðum, með notkun gagna og þekkingar á staðhættum. Mikilvægt er að greint sé skýrt frá aðstæðum í rannsóknum og ritum

